M

og meistara minn? og þó að konúngur segði
sini sínum, að Blankiflúr skyldi koma
í hálfsmánaðar fresti, hvort er móðir
hennar væri lífs eða dauð; kallaði kon-
úngur til sín einn sinn hinn tryggvasta
vin, að fara með honum, og fjekk þeim
vóa menn til fylgdar; fóru þeir síðan
í brott, og komu til Montorie; þar fundu
þeir Ligorus, mann Sjóbjörgu; fögnuðu
þau honum með sæmd og gleði. Hon-
um þótti lítil gleði þar að vera, er hann
sá ekki Blankiflúr; nú leiddi Sjóbjörg
hann í það herbergi, sem flestar jún-
gfrúr voru, að hann skyldi þá heldur
gleyma Blankiflúr og elska aðra, og var
honum því verra, er hann sá þær flei-
ri; engin var honum kostur að vera;
þá eina huggun hafði hann, er honum
kom í hug Blankiflúr, og þótti hon-
um það ein sæla; hann dreymdi um
nætur að hann þóttist kyssa hana, og
er hann vaknaði, misti hann hennar;
með slíkum harmi beið hann eindagans;
og er hann sá, að hún kom ekki, vissi
hann, að svik voru, og óttaðist að hún
mundi drepin vera; þvíngaði honum
svo sorgin, að hann mátti hvorki
eta nje drekka, sofa nje sitja; óttað-
-ist nú vaddaninn, að hann mundi spr-
-ínga af harmi, og sendir nú konúngi
sönn orð um þetta; og er hann frjetti
þetta, varð hann ákaflega reiður, og
gaf honum leifi heim að fara; enn ko-
-núngur gjekk til drotníngar og mælti:
illa líka mjer þessi tíðindi, því að þetta
er ekki gjörníngalaust, að hún hefur
slíka ást sonar míns, enda kallið hana
híngað, því að jeg vil láta höggva hana,
því að þá mun hann fljótar gleyma henni
og hefði það hinn betur gjört verið. Þá
mælti drotníng: herra, sagði hún, takið
heldur það ráð, að selja hana aftur til
skipa; þar eru ríkir kaupmenn af-